

Stjórnarfundur í Geðhjálp

23.01.20 kl. 16:30

Mætt: Einar Þór Jónsson formaður, Garðar Sölvi Helgason, Sigríður Gísladóttir, Áslaug Kristinsdóttir, Bergþór Böðvarsson, Sylviane Lecoultre, Silja Björk Björnsdóttir, Héðinn Unnsteinsson og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð.

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 16. nóvember 2019.

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Rekstrarniðurstaða 2019 og fjárhagsáætlun 2020. (GA)

Rekstrarniðurstaða 2019 liggur ekki fyrir.

Drög að fjárhagsáætlun 2020 eru lögð fram til kynningar og umræðu. Samþykkt frestað til næsta fundar.

3. Aðalfundur 2020. (GA)

Aðalfundur Geðhjálpar er boðaður 21. mars klukkan 15:00.

4. Stefnumótun (GA)

Framkvæmdastjóri rekur stöðu vinnu stefnumótunarhóps sem á stefnumótunardegi þann 29. nóvember var úthlutað það verkefni að klára stefnumótun. Stefnt er að því að stefnumótun verði tilbúin fyrir næsta stjórnarfund og lögð þar fram.

5. Staða heimasíðu (GA og SBB)

Framkvæmdastjóri ásamt SBB rekja stöðu yfirferðar á heimasíðu félagsins, þróunar og hýsingu.

6. Staða fræðslu (GA og SG).

Framkvæmdastjóri og SG rekja vinnu sína við að skoða fræðsluefni fyrir börn.

7. Fundur með nýjum framkvæmdastjóra Geðsviðs (GA og EPJ).

Formaður og framkvæmdastjóri rekja fund með framkvæmdastjóra geðsviðs LSH um framtíð þróunar þjónustu sviðsins og aðkomu notenda og aðstandenda að henni.

8. *Málþing um vitundarvíkkandi efni í geðheilbrigðisþjónustu. (HU og GA)*

HU og framkvæmdastjóri rekja stöðu vinnu við að skipuleggja málþing Geðhjálp með Robin Carhart-Harris þann 12. mars klukkan 15:00. Stefnt er að því að hafa pallborðsumræður og gefa þeim sem hafa reynslu af efnunum kost á að deila reynslusögum.

9. *Málþing um stráka og jafnrétti. (GA)*

Framkvæmdastjóri rekur fyrirhugað málþing 18. mars á menntavísindasviði Háskóla Íslands um stráka og jafnrétti og hvernig það tengist geðheilbrigðismálum.

10. *IPS tilraunaverkefni. (GA)*

Framkvæmdastjóri rekur hugmynd að tilraunaverkefni Geðhjálp – *Komum fólki í virkni*. Lögð er fram kynning sem haldin var fyrir félagsmálaráðherra þann 22. janúar. Hugmyndin gengur út á að ráðist verði í tilraunaverkefni til næstu þriggja ára þar sem unnið verður markvisst að því að koma ungum einstaklingum á fjárhagsaðstoð aftur í virkni.

11. *Samráðsfundur með heilbrigðisráðherra. (GA og EPJ)*

Formaður og framkvæmdastjóri rekja samráðsfund með notendum geðheilbrigðisþjónustu þann 14. janúar og leggja fram fundargerð hans.

12. *Stefnuþing ÖBÍ. (GA og EPJ)*

Formaður og framkvæmdastjóri rekja að stefnuþing ÖBÍ verður haldið 27. – 28. mars. Fulltrúar Geðhjálp eru skipaðir úr hópi stjórnarmanna.

13. *Erindi frá Andra Snæ Magnasyni. (GA)*

Framkvæmdastjóri leggur fram og rekur erindi þar sem falast er eftir samstarfi við Geðhjálp og stuðningi við vinnu við myndina „Þriðja pólinn“ sem leikstýrð er af Andra Snæ Magnasyni og Anníu Ólafsdóttur og fjallar um geðhvörf. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vera í nánara sambandi við Andra Snæ upp á nánari upplýsingar um með hvaða hætti Geðhjálp gæti stutt við myndina.

14. *Ályktanir sendar út frá síðasta fundi. (GA)*

Lögð er fram ályktun vegna fréttar af því að lögreglukonu hafi verið synjað um námsvist við Háskólann á Akureyri vegna lyfjameðferðar við kvíða og ályktun vegna umfjöllunar fréttaskýringaþáttarins Kompás um andlát ungrar konu í geðrofsástandi.

15. *Önnur mál*